

Ed.

640. Breytingartillögur

[202. mál]

við frv. til 1. um verðbréfamíðlun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Verðbréfasjóður merkir í lögum þessum sérhvern lögaðila er gefur út verðbréf sem eru boðin almenningi til kaups og hefur að markmiði að annast kaup og sölu verðbréfa í eigin nafni.
2. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „sbr. þó 4. mgr.“ í 1. mgr. komi: sbr. þó 5. mgr.
 - b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:
Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamíðlun.
3. Við 5. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfasjóði.
4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt verðbréfamíðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr., og gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara. Bankaeftirlitið skal eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamíðlara og verðbréfasjóði sem varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.
Vegna ákvæða 6. gr. skal bankaeftirlitið í janúarmánuði ár hvert semja álitsgerð um efni viðskiptaauglýsinga sem verðbréfamíðlara og verðbréfasjóðir beina til almennings. Álitsgerðin skal send viðskiptaráðherra og verðlagsráði.
Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamíðlara eða verðbréfasjóðs brjóti í bága við lög þessi skal tilkynna það viðskiptaráðherra. Sé um meint brot að ræða á 6. gr. eða V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti skal einnig senda tilkynningu til verðlagsráðs.
5. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum hafi maður með höndum verðbréfamíðlun, sbr. 2. gr., eða rekstur verðbréfasjóðs, sbr. 3. gr., án leyfis viðskiptaráðherra eða brjóti gegn ákvæðum III. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.
Með brot skv. 1. mgr. skal farið að hætti opinberra mála.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta mann leyfi til verðbréfamíðlunar um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. tekur 10. gr. ekki gildi fyrir en 1. janúar 1988.
Starfandi verðbréfamíðlurum við gildistöku laga þessara er heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskiptaráðherra til 1. ágúst 1986.